

Reglur um menningarverðlaun í Þingeyjarsveit

1. gr.

Menningarverðlaun eru að jafnaði veitt árlega. Val á þeim sem hljóta menningarverðlaun Þingeyjarsveitar er samstarfsverkefni Íþróttá-, tómstunda- og menningarmálanefndar og íbúa sveitarfélagsins.

2. gr.

Íþróttá-, tómstunda- og menningarmálanefnd auglýsir eftir tilnefningum og ábendingum, gefur ákveðinn frest og auglýsir viðburð þar sem afhending fer fram. Rétt til að tilnefna hafa öll félög í Þingeyjarsveit og íbúar sveitarfélagsins.

3. gr.

Nafnbótin getur hvort sem er hlotnast einstaklingum, hópi eða félagasamtökum. Tilnefningu skal gjarnan fylgja stutt greinargerð um viðkomandi einstakling eða félag, um starf og viðburði undanfarin ár og þátt þeirra í að auðga menningar- og félagslíf í sveitarfélaginu og vera öðrum fyrirmynd.

4. gr.

Íþróttá-, tómstunda- og menningarmálanefnd velur hver skuli hljóta menningarverðlaun eða viðurkenningu fyrir framúrskarandi menningarstarf með hliðsjón af tilnefningum og ábendingum, en er þó ekki bundin af því. Handhafi menningarverðlauna fær styrk frá sveitarfélaginu samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs.

Samþykkt á fundi Íþróttá-, tómstunda- og menningarmálanefndar Þingeyjarsveitar þann 4. apríl 2023.

Staðfest á fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar þann 13. apríl 2023.